



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL23110025

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

### **Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um samvinnu og verkaskiptingu milli Félagsbústaða og velferðarsviðs vegna mála leigjenda**

Þann 15. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um hvernig samvinnu og samstarfi er háttað milli velferðarsviðs og Félagsbústaða annars vegar og hins vegar Félagsbústaða og miðstöðva borgarinnar? Hvert er valdajafnvægi milli þessara kerfa ef kemur til ágreinings vegna einstakra mála? Hversu mikið vægi hafa miðstöðvar þegar kemur að vandamálum sem upp kunna að koma hjá leigjendum Félagsbústaða hvað varðar húsnæðið sjálft eða innheimtu á leigu?*

#### **Svar:**

Félagsbústaðir vinna náið með bæði miðstöðvum Reykjavíkurborgar og skrifstofu velferðarsviðs í málefnum leigjanda félagsins. Samstarfið snýr að ýmsum þáttum:

#### **Úthlutun húsnæðis**

Úthlutunarteymi skipað af velferðarsviði úthlutar í íbúðir Félagsbústaða. Félagsbústaðir eiga fulltrúa í því teymi sem úthlutar almennum félagslegum leiguíbúðum. Það er m.a. gert í þeim tilgangi að auka líkur á íbúðin og umhverfi hennar henti viðkomandi umsækjendum, enda búa Félagsbústaðir yfir þekkingu á íbúðum og íbúasamsetningu sem ekki er til staðar hjá velferðarsviði. Þannig á sér stað samtal á úthlutunarfundum bæði um þarfir notenda sem velferðarsvið þekkir og húsnæðið sjálft og samfélagið í því sem Félagsbústaðir þekkja.

#### **Viðhald húsnæðis**

Ef þörf er á viðhaldi hafa leigjendur langoftast samband beint við leigusala, Félagsbústaði, og óska eftir viðhaldi. Yfirgnæfandi meirihluta þessara erinda er sinnt af Félagsbústöðum án nokkurrar aðkomu miðstöðva eða velferðarsviðs. Ef leigjendur þurfa frekari aðstoð eða eru ósáttir við viðbrögð Félagsbústaða einhverra hluta vegna geta þeir alltaf leitað til félagsráðgjafa í miðstöð sem getur aðstoðað og leiðbeint viðkomandi. Oft eiga starfsmenn Félagsbústaða og félagsráðgjafar í samtali um slík mál og leitast við að finna í sameiningu ásættanlega lausn. Almenn regla er þó að félagsráðgjafar og/eða starfsfólk velferðarsviðs fara ekki með ákvörðunarvald um viðhald íbúða. Sú ábyrgð liggur hjá Félagsbústöðum.

#### **Innheimta á leigu**

Félagsbústaðir fá tugi símtala í hverjum mánuði þar sem leigjendur óska skýringa eða leiðbeininga um leigureikninga, húsaleigubætur, sérstakan húsnæðisstuðning eða annað sem snýr að innheimtu leigu. Erindum tengdum bótum er gjarnan vísað til



**Reykjavík**



Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða Reykjavíkurborgar enda hafa Félagsbústaðir ekki upplýsingar um ástæður hækkunar eða lækkunar húsnæðisbóta eða sérstaks húsnæðisstuðnings.

Leigjendur gata alltaf leitað til félagsráðgjafa til að fá aðstoð og leiðbeiningar með fjármál og getur félagsráðgjafi þá skoðað mögulega aðstoð, t.d. í formi láns/styrkja frá Reykjavíkurborg eða með því að hjálpa viðkomandi að semja um skuldir. Félagsbústaðir og ráðgjafar í miðstöðvum Reykjavíkurborgar eiga í nánú samstarfi í mörgum slíkum einstaklingsmálum með það að leiðarljósi að tryggja farsæla áframhaldandi búsetu ef þess er nokkur kostur. Í reglum Reykjavíkurborgar eru tilgreind viðmið um skuldir sem miðstöðvar og Félagsbústaðir styðjast við í öllum málum (sjá 4., 7., 11. og 14. gr. í reglum um félagslegt húsnæði, einnig 36.gr.)

### **Samskiptavandi tengd búsetu/húsreglnabrot**

Komi upp tilkynningar vegna húsreglnabrota leigjenda rannsakar starfsfólk Félagsbústaða málin og hefur eftir atvikum samband við miðstöð. Oftar en ekki leysast mál án nokkurrar að komu miðstöðvar. Sé málið þess eðlis fær viðkomandi senda aðvörun skv. húsaleigulögum og þá er miðstöð upplýst um það. Félagsráðgjafar í miðstöð leitast við að styðja við viðkomandi í framhaldinu og einnig ef nauðsynlegt reynist að halda ferlinu áfram sem getur endað með riftun leigusamnings og útburði í alvarlegustu tilvikunum. Áður en til útburðar kemur hafa átt sér stað umfangsmiklar tilraunir af hálfu miðstöðvar og Félagsbústaða til aðstoða viðkomandi leigjanda og komast hjá útburði.

